

lýst í búið og að ekki beri að útiloka hana af hér um ræddri ástæðu.

Það er játað af umboðsmanni Schannongs, að fjárkrafa hans sé einungis ágizkun, nema einn smáliður, d. kr. 116.90, enda kveður hann sér hafa reynzt ómögulegt, sökum styrjaldarástandsins, að afla um hana nauðsynlegra gagna frá Schannong.

Bókhald Sigurðar sáluga er ekki í svo góðu lagi, að með því sé unnt að upplýsa viðskiptin nægilega, til þess að leggja úrskurð á fjárkröfu Schannongs í búið. Litur rétturinn, að þessu hvort tveggju athuguðu, svo á, að ekki beri að svo stöddu að úrskurða um kröfu Schannongs, hvort rétt sé, né um fjárhæð hennar.

Málflutningsmennirnir hafa báðir gert kröfu til málskostnaðar, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Kröfu Peters Schannongs í dánarbú Sigurðar Jónssonar, telst nægilega lýst, en um réttmæti og fjárhæð hennar verður ekki úrskurðað að svo stöddu.

Föstudaginn 28. febrúar 1941.

Nr. 106/1940. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)
gegn

Ingvari Guðjónssyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot á gjaldeyrislögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið cand. jur. Helgi Laxdal samkvæmt konunglegri umboðsskrá, dagsettri 28. sept. 1939.

Í málshöfðunartilkyningu héraðsdómarins til kærða í þinghaldi 6. des. 1939 segir aðeins, „að mál yrði höfðað gegn honum (þ. e. kærða) fyrir brot á lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 1937 og reglugerð nr. 50 frá 1938.“ Kærði virðist hafa mátt gera ráð fyrir því, að í tilkyningu þessari fælist krafa um sekt á hendur sér. Hins vegar þykir varhugavert að gera ráð fyrir því, að kærði hafi átt að búast við því, að krafa yrði gerð um það, að ólöglega fengnum

hagnaði af broti hans skyldi fyrirgert. Og eigi verður kærða heldur dæmd greiðsla sakarkostnaðar, með því að þeirrar kröfu er eigi heldur getið í tilkynningunni. Sakir þessara ástæðna verður að sýkna kærða af tveimur síðarnefndum atriðum. Um sektargreiðslu kærða þykir aftur á móti mega staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að sektin er ákveðin 1500 krónur til rikissjóðs, og komi í stað hennar 45 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og áfrýjunarkostnaður, greiðist úr rikissjóði, þar á meðal málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ingvar Guðjónsson, greiði 1500 króna sekt í rikissjóð, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður allur í héraði og áfrýjunarkostnaður greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Guðmundar I. Guðmundssonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 2. sept. 1940.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu, samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, höfðað gegn Ingvari Guðjónssyni útgerðarmanni, til heimilis að Kaupangi í Eyjafirði, fyrir brot á lögum um gjald-eyrisverzlun o. fl. frá 31. des. 1937, nr. 73, og reglugerð nr. 50 frá 1938, og eru málavextir þessir:

Árið 1938 flutti kærður meðal annars út eftirtaldar sildarsendingar:

13. ágúst	verð ísl. kr.	4675.00
28. september	— — —	17750.00
21. október	— — —	3106.25
24. sama m.	— — —	11247.50
11. nóv.	— — —	3687.00

Nokkru af andvirði þessara sendinga ráðstafaði kærður samkv. heimildum til greiðslu á tunnum og salti og fyrir sumu skilaði hann erlendum gjaldeyri, en langmestum hluta andvirðisins skuldbatt kærður sig til að skila síðar í erlendum gjaldeyri til hérlendra banka, eða:

af 1. sendingunni	isl. kr.	4675.00
— 2. —	— —	16100.00
— 3. —	— —	3106.25
— 4. —	— —	7268.50
— 5. —	— —	1687.00

eða alls isl. kr. 32836.75,

og skyldu skilin fara fram seinni hluta árs 1938 og í byrjun árs 1939.

Fé þessu ráðstafaði kærður síðan í erlendum gjaldeyri til greiðslu á skipi, m/s Gunnvör, sem hann keypti í Englandi um þessar mundir. Kærður telur sig í árslok 1938 hafa haft rökstudda von um að fá leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar til þess að greiða fiskiskip með andvirði útfluttrar síldar, en þó telur hann sig engan ádrátt hafa fengið um að mega ráðstafa andvirði útflutningsins 1938 í því skyni.

Kærður fékk síðan 7. febrúar 1939 heimild gjaldeyris- og innflutningsnefndar til þess að flytja inn vélskip til fiskiveiða og greiða það með andvirði útfluttrar síldar með 80 þúsund krónum, sem skiptust jafnt á árin 1939—1941.

Kærður hefur játað að hafa hagnast á því að ráðstafa framan nefndu fé af útflutningi ársins 1938, í staðinn fyrir að ráðstafa af útflutningi ársins 1939, eins og hann hafði heimild til, um upphæð, sem nemur þeirri gengisbreytingu, sem varð á íslenzkri krónu gagnvart sterlingspundi, miðað við gengið 1938 annars vegar og gengið í júlí—ágúst hins vegar, en sá ágóði nemur, samkvæmt útreikningi löggilts endurskoðanda, isl. kr. 7190.00.

Þá hefur kærður árið 1938 greitt í íslenzkum peningum farmgjöld fyrir tómtunnum frá Noregi

með e/s Katla í júlí	isl. kr.	9274.60
— sama skipi í nóv.	— —	2228.80

eða samtals kr. 11503.40

en þar frá dragast kr. 1700.00, sem er flutningsgjald nokkurs hluta umræddra tunna, sem Ásgeir Pétursson átti. Eftir verða þá kr. 9803.40, sem kærður hefur greitt með íslenzkum krónum í farmgjöld fyrir tómtunnur 1938, án þess sú upphæð væri dregin frá ráðstöfunarheimildum hans til tunnu og saltkaupa.

Fékk því kærður of mikinn frádrátt frá erlendum gjaldeyri 1938, sem nemur isl. kr. 9803.40.

Kærður hefur játað að hafa varið allt að kr. 2000.00 af nefndum gjaldeyri til náms dóttur sinnar erlendis og til ferðalaga sinna erlendis, en afganginn, ca. kr. 7803.40, telur kærður hafa runnið til hinna sænsku viðskiptavina sinna, sem hafi lagt til tunnur og salt, krydd og sykur í nokkurn hluta þeirrar sildar, sem þeir keyptu af honum.

Hjörleifur Magnússon, bæjarfógetafulltrúi á Siglufirði, og Ingólfrur Jónsson lögfræðingur, en hann var umboðsmaður gjaldeyris- og innflutningsnefndar á Siglufirði árið 1938, hafa verið leiddir sem vitni í máli þessu og hafa þeir gefið eftirfarandi upplýsingar um þetta atriði.

Innflutningsverð tómtunna, salts og annars tilleggs þess, sem hinir erlendu sildarkaupmenn lögðu til, var oftast nokkru lægra en hinn leyfði frádráttur, sem var fastákveðinn pr. tunnu. Þetta hafði þær afleiðingar, að þegar ráðstöfunarheimildir þeirra voru fullnotaðar, áttu þeir nokkrar birgðir eftir af tunnum og tilleggi. Þetta misræmi leysti gjaldeyris- og innflutningsnefnd svo þannig að gefa fyrrnefndum mönnum umboð til að gefa út aukaheimildir, sem þessum mismun nam. Aukaheimildir þessar kveðast þeir ekki hafa veitt kærðum í svo ríkum mæli sem honum hafi borið vegna söltunar hans fyrir útlendinga, þannig að þeir hafi í raun og veru dregið af aukaheimildum hans, sem nemur þeirri upphæð, sem hann sparaði í erlendum gjaldeyri við að greiða nefnd farmgjöld í isl. peningum.

Rétturinn telur, að kærður, sem ekki hefur þolað kærú eða refsingu fyrir lagabrot hingað til, hafi með því að ráðstafa fyrrnefndu andvirði útfluttrar sildar 1938 til nefndra skipakaupa, svo og með ráðstöfun umgetinna kr. 2000.00 til ferðakostnaðar og námskostnaðar, án þess að hafa þar til heimild, gerzt brotlegur við 1. gr. gjaldeyrislaganna nr. 73 frá 1937 og 6. gr. reglugerðar nr. 50 frá 1938, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 500,00 sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 25 daga, ef sektin ekki greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá þykir og verða skv. 6. gr. nefndra laga, sbr. 31. gr. nefndrar reglugerðar, að gera upptækan ágóða þann, kr. 7190.00, til ríkissjóðs, sem kærður hefur haft af nefndu broti sínu.

Þá greiði og kærður allan kostnað sakarinnar.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa og stafar hann af því, að taka þurfti það, skv. fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins, upp til framhaldsrannsóknar og einnig af því, að kærður sat allengi tepptur erlendis vegna ófriðar þess, er nú geisar.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Ingvar Guðjónsson, greiði kr. 500.00 sekt til ríkissjóðs eða sæti varðhaldi í 25 daga, ef sektin ekki verður greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Pá greiði hann og innan sama tíma til sama sjóðs kr. 7190.00, upptækan ágóða.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum má framfylgja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. marz 1941.

- Nr. 5/1941. **Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna**
(Theódór B. Lindal)
gegn
Stýrimannafélagi Íslands (Lárus Jóhannesson)
og
Tryggingarstofnun ríkisins
(Guðmundur I. Guðmundsson)
og
Stýrimannafélag Íslands
gegn
Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna
og
Tryggingastofnun ríkisins.

Frávísun vegna ólöglegar málasamsteypu. Krafa um greiðslu stríðsslysstryggingarfjár.

Dómur hæstaréttar.

Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. janúar þ. á., krefst sýknu af kröfum Stýrimannafélags Íslands. Enn fremur krefst Stríðstryggingafélagið málskostnaðar í hér- aði úr hendi Stýrimannafélagsins og málskostnaðar í hæsta- rétti in solidum úr hendi Stýrimannafélagsins og Trygg- ingastofnunar ríkisins. Stýrimannafélag Íslands, sem áfrýj- að hefur málinu með stefnu 22. janúar þ. á. og stefnt hefur bæði Stríðstryggingafélagi íslanzkra skipshafna og Trygg- ingastofnun ríkisins, krefst þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, *til vara*, að Tryggingastofnun ríkis-